

Húnabyggð
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi

Garðabær, 3. nóvember 2025
202510-0076/A.B.
08.06

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010–2030 - Viðskipta- og þjónustusvæði við Svínvetningabraut

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnabyggðar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010–2030 vegna viðskipta- og þjónustusvæðis við Svínvetningabraut.

Í erindinu kemur fram að sveitarfélagið Húnabyggð leggur hér fram skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010–2030, er varðar nýjan verslunar- og þjónustureit á landnotkunarreit OP4 – Undraveröld, sem felldur verður úr gildi. Um ræðir 6 ha landspildu sem liggur við gatnamót Norðurlandsvegur nr. 1 og Svínvetningabrautar nr. 731. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir fjölorkustöð og verslunar- og þjónustustarfsemi. Samhliða er unnið nýtt deiliskipulag.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur